

1859. rætt í áðurgreindu opnu bréfi, skal, þangað til öðruvísi verður
27. júní. ákveðið, birta í blaðinu „Þjóðólfi“, er út kemur í Reykjavík.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Í dómsmálastjórninni 27. dag júnímánaðar 1859.

27. júní. **20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmanna á Íslandi,
um fiskiveiðar útlendra manna.**

Stjórn hinna útlendu mála hefur skýrt dómsmálastjórninni frá því, að keisarastjórninni á Frakklandi og hinni konunglegu stjórn á Englandi hafi verið kunngjört um ferð herskips þess, er „Örnen“ heitir, til Íslands, og innan hverra takmarka undan landi skipsforingjanum hafi verið boðið að verja umráð Danakonungs yfir sjónum til verndar fiskiveiðum Íslendinga; en að svo búnu hafi utanríkisráðherrann enski, 18. dag f. m., ritað sendiherra Danakonungs í Lundúnum á þá leið, að enska stjórnin ekki gæti kannast við, að nokkurt ríki, sem ekki hefði heimild til þess í hjóðsamningum, ætti með að taka sèr vald yfir sjónum lengra en 3 enskar mílur undan ströndum landsins, en einsog yður er kunnugt, herra (*tit.*), af bréfi stjórnarinnar 9. f. m., hafði svið þetta verið þannig á kveðið, að það skyldi ná eina venjulega sjávarmílu undan landi frá yztu ey eður hólma. Síðan var leitað álits utanríkisstjórnarinnar um það, hvort hún hefði í hyggju að halda fram þeim takmörkum, er af hálfu Danastjórnar hefðu verið ákveðin um yfirráð konungs yfir sjónum kringum Ísland, þrátt fyrir ummæli Bretastjórnar, og hefur utanríkisstjórnin svarað á þá leið, að sèr ekki þyki næg ástæða til beinlínis að hverfa frá þeim takmörkum, er ákveðin voru um yfirráð konungs yfir sjónum, að minnsta kosti ekki fyrri, en búið sè að semja við ensku stjórnina um þetta efni; en til þess að forðast sem mest að lenda í deilum við hina konunglegu stjórn á Englandi, fer utanríkisstjórnin því á flot, að yfirvöldunum á Íslandi sè boðið að fara að með sem mestri lagkænsku við skip frá Bretlandi hinu mikla, þá er halda skuli fram yfirráðum þeim, sem hér ræðir um.

Þetta læt eg ekki hjá líða að tilkynna yður, herra (*tit.*), til eptirsjónar og leiðbeiningar þá er með þarf.

1859.
27. júní.

21. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins á Íslandi, um vaxtafè ómyndugra og opinberra stiptana, og um sparisjóði. 30. júní.

Af hinna konunglegu auglýsingu til alþingis 27. f. m. er yður það kunnugt, herra stiptamtmaður, að ekki varð tekin til greina bænarskrá, er alþingi sendi konungi árið 1857, um það að leyft verði framvegis að veita móttöku á leigu í jarðabókar-sjóð ómyndugra fè og opinberra stiptana, er nemur 25 rd. til 100 rd. Bænarskrá alþingis studdist einkum við þá ástæðu, að brýn nauðsyn bæri til þess að hafa einhvern óhultan stað, þangað er koma mætti á vöxtu og til varðveizlu litlum peningum, en slíkt væri miklum annmörkum bundið á Íslandi.

En annmarkar þeir er hær ræðir um mundu að líkindum minnka, ef stofnaðir væru á Íslandi einn eður fleiri sparisjóðir; það var og í ráðagjörð árið 1850, að stofna slíkan sjóð í Reykjavík, en ekki er hann, svo kunnugt sè, enn kominn á fót; á hinn bóginn er bænarskrá alþingis, sú er að ofan er um getið, nýr vottur um að þörf sè á honum; mundi og slík stofnun í ýmsu tilliti verða að miklum notum, ekki einungis Reykjavíkurbæ og sveitum þeim, er þar eru í grennd, heldur og gjörvöllu Íslandi, eptir því sem verkasvið hennar næði að aukast; það virðist því að vera ákjósanlegt, að stuðlað væri til þess að slík stofnun kæmist á fót.

Stjórnin treystir því þess vegna, að þær, herra stiptamtmaður, munið bera sérstaklega umhyggju fyrir því, að greiða fyrir máli þessu, og eruð þær einnig beðnir að senda stjórninni skýrslu um það, hvort búið sè að gjöra nokkrar frekari ráðstafanir til þess að stofna sparisjóð í Reykjavík.

Að endingu eruð þær beðnir að skýra frá því, hvort þær álitið það hagfellt, að leyft sè að ávaxta ómyndugra fè á þann